

Um styrkþega Afreks- og hvatningarsjóðs 2016

Aðalbjörg Ýr Sigurbergsdóttir brautskráðist í vor sem dúx af náttúrufræðibraut Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi eftir þriggja ára nám. Með fram námi lagði hún stund á nám í trompetleik og hefur lokið framhaldsprófi í þeirri listgrein. Auk þessa hefur hún æft fimleika frá sex ára aldri og tekið þátt í fjölbreyttum félagsstörfum, svo sem með setu í ungmennaráði Ölfuss. Aðalbjörg stefnir á nám og starf á sviði heilbrigðisvísinda.

Anna María Reynisdóttir útskrifaðist í vor af félagsfræðibraut Kvennaskólans í Reykjavík eftir þriggja ára nám. Hún var virkur þátttakandi í félagsstarfi skólans, auk þess sem hún spilaði handbolta með fram náminu. Anna María stefnir á nám í lögfræði.

Arna Ýr Karelisdóttir útskrifaðist úr náttúrufræðideild Menntaskólans í Reykjavík með ágætiseinkunn í vor. Samhliða framhaldsskólanámi hefur hún numið söng og fiðluleik, auk þess að sinna margvíslegum félagsstörfum, svo sem formennsku í leikfélaginu Herranótt. Arna Ýr hyggur á sjálfbóðaliðastarf í Srí Lanka í sumar og stefnir svo á að hefja nám í læknisfræði í haust með það fyrir augum að helga sig fæðingarlækningum í framtíðinni.

Þena Eir Jónsdóttir hefur farið hratt í gegnum nám sitt til þessa. Hún sleppti einu ári í grunnskóla og lauk námi af viðskipta- og hagfræðibraut Fjölbrautaskóla Suðurnesja á þremur árum. Hún hefur einnig stundað hestamennsku og dansnám og -kennslu með fram námi, auk þess sem hún hefur tekið virkan þátt í félagslífi og leiklistarstarfi skólans. Þena Eir stefnir á nám í grunnskólakennarafræðum og hyggst starfa í framtíðinni við stærðfræðikennslu.

Bára Elísabet Dagsdóttir brautskráðist af félagsfræðibraut Menntaskólans við Hamrahlíð með ágætiseinkunn. Hún á að baki píanónám og leggur stund á Pole fitness. Bára stefnir á nám í sálfræði og langar að sérhæfa sig í réttarsálfræði í framtíðinni.

Bolli Magnússon brautskráðist úr fornmaladeild Menntaskólans í Reykjavík með fyrstu einkunn og hlaut tvenn verðlaun eftir fjögurra ára nám. Á þeim tíma fór hann einnig í skiptinám til Malasíu og til að vinna upp tíma stundaði hann nám í 4. og 5. bekk samtímis. Bolli leggur auk þess stund á ritsmíðar og þýðingar. Hann stefnir á nám í almennum málvísindum með Mið-Austurlandafræði sem aukagrein. Í framtíðinni hyggst hann stunda ritstörf.

Dagur Tómas Ásgeirsson útskrifaðist úr eðlisfræðideild Menntaskólans í Reykjavík með ágætiseinkunn. Hann hefur keppt í stærðfræði, forritun, eðlisfræði og efnafræði, bæði á innlendum og erlendum vettvangi. Dagur Tómas er einnig mikill íþróttamaður og keppir í siglingum og kennir þær einnig. Hann stefnir á nám og starf á vettvangi stærðfræði en kjörsvið hans verður eðlisfræði.

Daníel Þór Heimisson brautskráðist eftir sjö anna nám af félagsfræðibraut Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi með ágætiseinkunn og hlaut fjölda verðlauna og viðurkenninga. Hann stefnir á nám í íslensku í haust og í framhaldinu á kennslufræði með það fyrir augum að kenna í framhaldsskóla og jafnvel stýra slíkum skóla í framtíðinni.

Eir Andradóttir útskrifaðist af raungreinasviði Menntaskólans á Akureyri sem semidúx skólans með ágætiseinkunn. Samhliða námi hefur hún þjálfað börn á aldrinum þriggja til sjö ára í fimleikum og áunnið sér dómararéttindi í greininni. Eir stefnir á nám í læknisfræði með sérstakri áherslu á erfðafræði og erfðasjúkdóma.

Emil Sigurðsson brautskráðist af náttúrufræðibraut Menntaskólans að Laugarvatni með ágætiseinkunn. Hann stefnir á nám í læknisfræði og í framtíðinni að starfa á alþjóðavettvangi að fræðslu um heilbrigðismál og gæði læknisþjónustu.

Glúmur Björnsson lauk námi af náttúrufræðibraut Menntaskólans á Egilsstöðum með ágætiseinkunn. Hann hefur stundað margvíslegar ípróttir, tekið þátt í skátastarfi og þjálfað fimleikafólk. Glúmur stefnir á nám í jarðfræði og hefur sérstakan áhuga á veðri og loftslags- og umhverfismálum.

Guðlaugur Bjarki Lúðvíksson útskrifaðist af náttúrufræðibraut Flensborgarskólans í Hafnarfirði, ekki aðeins sem dúx heldur með hæstu meðaleinkunn sem reiknuð hefur verið við skólann. Hann tók auk þess þátt í félagsstarfi skólans og var m.a. í Gettu betur liði hans. Guðlaugur stefnir á nám í efnaverkfræði. Í framtíðinni langar hann að starfa við rannsóknir og nýsköpun á sviði efnafræði, auk þess að miðla henni í kennslu.

Guðrún Karlsdóttir brautskráðist af náttúrufræðibraut Menntaskólans í Reykjavík sem semidúx með ágætiseinkunn. Hún hefur starfað með fram námi á Landspítalanum og sem leiðbeinandi í stoðtímum í efnafræði. Auk þess hefur Guðrún æft handbolta og aðrar ípróttir. Hún stefnir á nám í læknisfræði.

Ingibjörg Viktoría Hafsteinsdóttir var dúx Kvennaskólans í Reykjavík vorið 2014 en þaðan útskrifaðist hún af félagsvísindabraut. Hún hefur lengi lagt stund á dansnám og lokið námi í Hússtjórnarskóla Reykjavíkur. Ingibjörg stefnir á nám í sjúkraþjálfun.

Jóhannes Aron Andrésson brautskráðist af eðlisfræðibraut Verzlunarskóla Íslands sem semidúx með ágætiseinkunn. Samhliða námi æfði hann fótbolta af kappi. Jóhannes hyggur á nám í læknisfræði og vonast til að geta lagt sitt af mörkum til að bæta heilsu fólks.

Jóna Kristín Erlendsdóttir útskrifaðist af málabraut Menntaskólans við Hamrahlíð eftir sjö anna nám með ágætiseinkunn. Meðan Jóna Kristín var í menntaskóla fór hún sem skiptinemi til Perú og hún heldur úti bloggi um líf sitt. Hún stefnir á nám í málvísindum sem aðalgrein og táknmálsfræði sem aukagrein. Jóna Kristín hyggst í framtíðinni vinna með börnum sem kljást við talgalla og erlendum börnum sem eiga erfitt með að læra íslensku.

Karen Engilbertsdóttir brautskráðist af náttúrufræðibraut Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi í árslok 2014 eftir sjö anna nám og varð semidúx skólans. Hún hefur í árunna rás tekið þátt í fjölbreyttu ípróttastarfi og tók virkan þátt í félagslífi skólans. Karen stefnir á nám í ferðamálafræði og hyggst í framtíðinni starfa á þeim vettvangi.

Matthias Baldursson Harksen útskrifaðist af eðlisfræðideild Menntaskólans í Reykjavík með ágætiseinkunn. Hann hefur keppt í forritun, eðlisfræði og stærðfræði á innlendum og erlendum vettvangi og auk þess stundað ritstörf. Þá var hann virkur í félagslífi skólans og keppti einnig í körfubolta samhliða námi. Matthias stefnir á nám í stærðfræði með eðlisfræði sem kjörsvið með það fyrir augum að kenna stærðfræði eða raunvísindi í framtíðinni.

Matthías Árni Guðmundsson lauk námi af náttúrufræðibraut Fjölbrautaskólans í Breiðholti eftir sjö anna nám sem dúx skólans. Með fram námi vann Matthías í stærðfræðiveri skólans, auk þess sem hann keppti í Gettu betur fyrir hönd FB. Matthías stefnir á nám í efnaverkfræði og framhaldsnám á því sviði.

Númi Sveinsson brautskráðist af náttúrufræðibraut Menntaskólans við Hamrahlíð eftir þriggja ára nám með ágætiseinkunn. Ásamt því að vinna með námi var Númi virkur í félagslífi skólans. Hann stefnir á nám í vélaverkfræði og síðar í lífverkfræði.

Oddur Snorrason útskrifaðist úr nýmáladeild Menntaskólans í Reykjavík vorið 2015. Síðastliðið ár hefur hann lagt stund á bókmenntafræðinám við Háskólann í Lundi. Meðan á skólagöngu hans í MR stóð var hann virkur í félagslífi skólans og lagði stund á ritlist. Oddur stefnir á nám í íslensku og svo

sænsku og þýðingarfræðum í kjölfarið. Í framtíðinni hyggst hann verða rithöfundur ásamt því að sinna rannsóknum og kennslu.

Sindri Engilbertsson lauk námi úr náttúrufræðideild Menntaskólans í Reykjavík með ágætiseinkunn. Á námstímanum dvaldi hann eitt ár í Sviss sem skiptinemi. Sindri var virkur í félagslífi skólans og tók m.a. þátt í uppsetningu á þremur leiksýningum, kenndi dans og var annar tveggja ritstjóra skólablaðs MR. Sindri stefnir á hagfræðinám með ritlist sem aukagrein.

Skúli Guðmundsson sleppti einu ári í grunnskóla og útskrifaðist af opinni braut Menntaskólans við Hamrahlíð með hæstu útskriftareinkunn árgangsins eftir aðeins þriggja ára nám. Samhliða náminu í MH lagði hann stund á fiðlunám og hann hefur verið meðlimur í mörgum hljómsveitum. Skúli stefnir á nám í stærðfræði og eðlisfræði.

Stefanía Katrín J. Finnsdóttir brautskráðist úr eðlisfræðideild Menntaskólans í Reykjavík í vor og varð dúx árgangsins. Hún hefur auk þess lokið framhaldsprófi í píanóleik með ágætiseinkunn. Stefanía hefur auk þess keppt í stærðfræði, efnafræði, eðlisfræði, þýsku og í Boxinu, framkvæmdakeppni framhaldsskólanna, á undanförunum árum með góðum árangri. Hún stefnir á nám í læknisfræði.

Sylvía Spilliaert útskrifaðist vorið 2014 af bæði náttúrufræði- og málabraut Menntaskólans við Hamrahlíð með ágætiseinkunn. Tónlist hefur verið stór hluti af lífi Sylvíu því að hún hefur lært bæði á selló og rafbassa og spilað með hljómsveitum og sungið með kór Menntaskólans við Hamrahlíð. Sylvía tók einnig þátt í félagslífi skólans og stundaði fimleika. Eftir útskrift ferðaðist hún um Suður-Ameríku í tæpt ár en stefnir nú á nám í sjúkraþjálfun.

Vilhelm Þór Lundgrenn brautskráðist af bæði tölvubraut og list- og starfsnámsbraut Tækniskólans um síðustu áramót og varð semidúx. Hann hlaut margvísleg verðlaun við brautskráningu. Vilhelm vinnur nú sem kerfisfræðingur hjá Reiknistofnun Háskóla Íslands en hyggur á nám í tölvunarfræði í haust.

Yrsa Kolka Júlíusdóttir útskrifaðist vorið 2015 af náttúrufræðibraut Verzlunarskóla Íslands. Hún hefur unnið margvísleg störf með fram skólanum og sinnt félagsstarfinu af kappi. Eftir útskrift fór Yrsa m.a. í heimsreisu en hún hyggur á nám í læknisfræði í haust.

Þórdís Tryggvadóttir brautskráðist vorið 2015 úr náttúrufræðideild Menntaskólans í Reykjavík með ágætiseinkunn en hún varð jafnframt semidúx skólans það ár. Þórdís hefur bæði lagt stund á píanóleik og dansnám en hún nemur báðar greinarnar á framhaldsstigi. Þórdís stundar auk þess klettklífur. Eftir útskrift úr menntaskóla ferðaðist Þórdís um heiminn en stefnir nú á nám í vélaverkfræði.